



Stefna Stykkishólmsbæjar gegn einelti, áreitni og ofbeldi.

Vinnustaðurinn Stykkishólmsbær

Stykkishólmsbær hefur það að leiðarljósi að vera góður vinnustaður og að starfsmönnum líði vel í vinnunni.

- Á góðum vinnustað sýnir samstarfsfólk hvert öðru kurteisi og virðingu í samskiptum.
- Á góðum vinnustað er tekið vel á móti nýjum starfsmönnum.
- Á góðum vinnustað er sýnt umburðarlyndi og fordómar eru ekki liðnir.
- Á góðum vinnustað er tekið markvisst á vandamálum sem upp koma.
- Á góðum vinnustað eru einelti og kynferðisleg áreitni undir engum kringumstæðum umborin.
- Á góðum vinnustað er fyrir hendi verklag og viðbragðsáætlun þegar eineltismál koma upp.

Hvað er einelti?

Einelti er skilgreint í 3. Gr. reglugerðar nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað.

Einelti er ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem, er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreiningu eða hagsmunaárekstra sem kunna að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanna eða tveggja eða fleiri starfsmanna, enda sé skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur hvorki viðvarandi né endurtekinn kerfisbundið.

Einelti getur tekið á sig margar myndir, svo sem:

- Baktal, slúður, útúrsnúningur, niðrandi ummæli og þöggun
- Lítilsvirðing á starfi og hæfni þolanda
- Einangrun og útilokun frá viðburðum
- Ósanngjörn gagnrýni á vinnubrögð
- Sögusögnum komið af stað
- Rafrænt einelti
- Neikvæð skírskotun til kyns, aldurs, trúarskoðana, kynhneigðar, kynþáttar o.s.frv.

Einelti getur verið með þeim hætti að einn einstaklingur ræðst gegn öðrum eða að fleiri hópa sig saman og ráðast gegn einstaklingi. Einelti er til í öllum stéttum og gerendur geta bæði verið meðvitaðir eða ómeðvitaðir um að þeir taki þátt í einelti.

Afleiðingar eineltis geta birst á mismunandi hátt. Einkenni geta verið bæði líkamleg og sálræn s.s. vanlíðan, magaverkir, svitaköst, vöðvaverkir, kvíði, þunglyndi og einbeitingaskortur. Hegðun þolanda kann að breytast, veikindafjarvistir aukast og afköst minnka.

Þolandi og gerandi

Einstaklingur sem lagður er í einelti er kallaður þolandi. Hann þarf hjálp og stuðning við að stöðva eineltið og leiðsögn til að öðlast bætta sjálfsmynd.

Einstaklingur sem leggur í einelti er kallaður gerandi. Stöðva þarf andfélagslega hegðun þeirra sem leggja í einelti og aðstoða þá til bættrar hegðunar og sjálfsaga. Hér er íhlutun nauðsynleg en getur verið misjöfn eftir eðli mála hverju sinni.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendum vinnustaða ber samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 að tryggja gott vinnuumhverfi.

Stjórnanda ber að sýna gott fordæmi og sýna samstarfsmönnum tillitsemi og virðingu. Honum ber að efla jákvæðan starfsanda og vinnumenningu sem byggist á góðum samskiptum, virðingu og umburðarlyndi gagnvart margbreytileika mannlífs.

Stjórnandi verður að vera meðvitaður um þær aðstæður á vinnustað sem geta ýtt undir einelti, svo sem:

- Vinnuálag er mikið
- Starfslýsingar eru óskýrar
- Samdráttur, uppsagnir eða aðrar breytingar
- Upplýsingagjöf er ábótavant
- Samskiptavandi, skortur á umburðarlyndi og fordómar
- Ágreiningsmál eru ekki leyst fljótt

Umræða um einelti á vinnustað verður að vera opin. Stjórnanda ber að gefa starfsmönnum skýr skilaboð um að einelti líðist ekki á vinnustaðnum og að þeir sem orðið hafa fyrir einelti eða hafa grun um einelti á vinnustað skulu upplýsa yfirmann, öryggisfulltrúa, launafulltrúa Stykkishólmsbæjar eða trúnaðarmann vinnustaðarins um það.

Stjórnandi skal vera vakandi fyrir samskiptum á vinnustaðnum og líðan starfsmanna. Stjórnandi getur í því skyni nýtt sér bæði starfsmannaviðtöl og starfsánægjukannanir. Stjórnandi skal auk þess fara yfir eineltisstefnu bæjarins á starfsmannafundum og/eða í árlegum starfsmannaviðtölum.

Ef grunur vaknar um einelti eða aðstæður skapast sem ýtt geta undir einelti skal stjórnandi bregðast við því eins fljótt og unnt er. Allar kvartanir ber að taka alvarlega.

Viðbrögð við einelti

Þolandi og aðrir sem hafa grun um einelti skulu láta yfirmann, öryggisfulltrúa, launafulltrúa Stykkishólmsbæjar eða trúnaðarmann á vinnustað vita.

Meti stjórnandi, öryggisfulltrúi, launafulltrúi, trúnaðarmaður eða þolandi sjálfur mál þannig má vísa því beint til eineltisráðs Stykkishólmsbæjar með þar tilgerðu eyðublaði.

Fylgja skal verklagsreglu og vinnulýsingu um viðbrögð við einelti og kynferðislegu áreiti við vinnslu málsins. (Sjá meðfylgjandi viðauka).

Þegar atvik hafa verið upplýst þarf að huga að afleiðingum. Huga þarf að þolanda og geranda og eftir atvikum samstarfsfólks.

Unnt er að veita geranda áminningu eða gera breytingar á starfi hans. Sé brot geranda alvarlegt er hugað að brottvikningu. Þolanda og geranda skal boðin viðeigandi aðstoð.

Eineltisráð Stykkishólmsbæjar

Eineltisráð Stykkishólmsbæjar er skipað þremur aðalmönnum, launafulltrúa og tveimur skipuðum af bæjarstjóra sem einnig skipar tvo til vara. Hlutverk eineltisráðs er fyrst og fremst að veita stjórnendum ráðgjöf þegar einelti eða grunur um einelti kemur upp á vinnustað. Eineltisráðinu er heimilt að sækja sér utanaðkomandi ráðgjafar.

Mælst er til þess að eineltisráð taki aðeins til efnislegrar meðferðar eineltismál ef reynt hafi verið að leysa þau á vinnustað viðkomandi eða ef meintur gerandi í eineltismáli er stjórnandi stofnunar.

Þolandi getur ávalt óskað þess að utanaðkomandi aðstoðar sé leitað eða að óháðum aðila sé falið að fjalla efnislega um kvörtun hans.

Launafulltrúi skal tryggja að reglulega skuli stjórnendum standa til boða að sækja námskeið um einelti, t.d. hjá Vinnumálastofnun.

Einelti – Hvað geri ég?

Þú skalt láta yfirmann, öryggisfulltrúa eða trúnaðarmann á vinnustað vita.

Ef ekki er brugðist við kvörtun þinni skalt þú hafa samband við eineltisráð Stykkishólmsbæjar hjá launafulltrúa eða leita til þíns stéttarfélags.

Ábyrgðarmaður stefnunnar er launafulltrúi Stykkishólmsbæjar. Stefnan skal vera aðgengileg öllum starfsmönnum bæjarins á íslensku, ensku og pólsku.

Eineltisráð skal funda a.m.k. árlega og meta þá hvort ástæða sé til að fram fari endurskoðun á stefnunni.

Stefna þessi var fyrst samþykkt á fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar þann 27.2.2018.